

Mál nr 32/2017

Ár 2017 miðvikudaginn 25. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 32/2016

X

gegn

Y & Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 14. nóvember 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Y & Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 15. nóvember 2016 og þeim gefinn frestur til 13. desember til að skila inn andmælum. Svar dagsett 11. desember barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirbyggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 14. júní 2016 án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Dvergschnauzer og eru bæði tíkin og rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svari frá kærðu kom fram að áætlað hafi verið að augnskoða tíkina 19.-21. maí, en ekki fékkst tími þá og kominn biðlisti. Þar sem ekki var ætlunin að para tíkina strax þá var ákveðið að bíða eftir næstu skoðun á vegum félagsins. Fyrir slysi þá paraðist tíkin þrátt fyrir að eigendur hafi talið sig hafa gætt hennar vel. Rætt var við dýralækni í Mosfellsbæ sem ráðlagði þeim að gera ekki neitt til eyðingar á fóstrunum vegna slæmrar reynslu af lyfjameðferð sem gæti jafnvel leitt til móðurlífsbólgu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Dvergschnauzer:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. mars 2007). Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 20.01.2010). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 1.apríl 2011). Greinist

